


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08.2011		
Höfundur: GUS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	Áfangaheiti (ÍSL242-fjarnám)	
	Kennsluáætlun (Haust 2014)	

Kennari	Guðmundur Sæmundsson	Sk.st.	GUS
----------------	----------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Fjallað er um alla helstu þætti ritunar og þjálfað í ritun hvers kyns stuttra og langra texta. Einnig fjallað um stafsetningu og greinarmerki, ræðuflutning o.fl.

Markmið (m.a.):

Nemandi


- fái aukna tilfinningu fyrir blæbrigðum íslensks ritmáls og möguleikum í notkun þess.
- þjálfist í ritun í mismunandi tilgangi.
- æfist í að setja fram mál sitt á skýran og lipran hátt með málsniði sem hæfir hverju tilefni.
- læri að nýta sér tiltæk hjálpargögn.
- geti nýtt sér orðabækur og önnur hjálpargögn svo sem leiðréttingarforrit, íðorðasöfn tengd viðkomandi starfsgrein, handbækur um ritun og frágang og heimildir í starfsgrein sinni.
- geti samið verklýsingar og skýrslur.
- hafi vanist því að gera efnisgrindur til undirbúnings ritunar.
- geri greinarmun á hlutlægum og huglægum lýsingum.
- noti orð af nákvæmni.
- sé fær um að byggja upp skipulegar verklýsingar fyrir afmarkaða verkþætti í starfsgrein sinni sem aðrir geta unnið eftir.
- verði fær um að setja upp og rita formleg bréf af ýmsum toga og nota viðeigandi málsnið í formlegum og persónulegum skrifum.
- viti hvaða málsnið hentar skýrslum og greinargerðum og þekki grundvallaratriði er varða uppbyggingu, ritun og frágang þeirra.
- þekki helstu einkenni stofnanamáls og kunni að varast það í eigin málnotkun.

Námsgögn:

Guðmundur Sæmundsson. (2011). *Meistararitun*. Laugarvatn: BláSkógar ehf. (á vef, kostar 2500 kr., greitt beint til kennara) og eigin heimildir nemenda vegna ritsmíða (bókasafn og vefurinn). Hægt er að fá prentaða útgáfu námsbókar.

HANDBÆKUR:

- Ingibjörg Axelsdóttir og Þórunn Blöndal. (2010). *Handbók um ritun og frágang*. Við þessa bók er miðað við ritgerðafrágang o.fl.
- Rétritunarorðabók (hvaða útgáfa sem er).

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08.2011	Áfangaheiti (ÍSL242-fjarnám) Kennsluáætlun (Haust 2014)	
Höfundur: GUS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2		

Áætlun um yfirferð og verkefni:

1. LOTA: TALMÁL, RÉTTRITUN OG MÁLFAR

37. vika: Kynning, Talmál (MR, 1. þáttur, 1. kafli), 1. verkefni (5%).
38. vika: Skrift, rétttritun og greinarmerki (MR, 1. þáttur, 2. kafli), 2. verkefni (5%).
39. vika: Málfar og málstefna (MR, 1. þáttur, 3. kafli 1-7), 3. verkefni (5%).
40. vika: Málfar og málstefna (MR, 1. þáttur, 3. kafli 8-11), 4. verkefni (5%).

2. LOTA: HANDBÆKUR, RITMÁL OG MINNI RITSMÍÐAR

41. vika: Handbækur og hjálpargögn (MR, 1. þáttur, 4. kafli), 5. verkefni (5%).
42. vika: Ritmál og ritsmíðar (MR, 1. þáttur, 5. kafli; 2. þáttur 1.-2. kafli), 6. verkefni (5%).
43. vika: Minni ritsmíðar (MR, 2. þáttur, 3.-6. kafli), 7. verkefni (5%).
44. vika: Lýsingar, skýrslur og greinargerðir (MR, 3. þáttur, 1.-2. kafli), 8. verkefni (5%).

3. LOTA: STÆRRI RITSMÍÐAR

45. vika: Greinar í blöð og tímarit (MR, 3. þáttur, 3. kafli), 9. verkefni
a. Grein í fagtímarit - heimildalisti og efnisgrind (5%), b. Grein í dagblað (5%).
46. vika: 10. verkefni Grein í fagtímarit - drög (10%).
47. vika: 11. verkefni Grein í fagtímarit - skil (15%).
48. vika: Heimapróf.

Námsmat og vægi námsþátta:

- a. Talmál og ræður (5%)
b. Skrift, rétttritun og greinarmerki (5%)
c. Málfar og málstefna (10%)
d. Ritsmíðar af ýmsum gerðum (alls 25%)
a. Lýsingar og skýrslur (5%)
b. Grein í dagblað (5%)
c. Minni æfingaverkefni (15%)
e. Grein í fagtímarit (alls 30%).
a. Efnisgrind og heimildalisti - 5%
b. Drög - 10%
c. Lokaskil - 15%
f. Lokapróf 28.-29. nóvember (25%)
Heimapróf sem felst í hugleiðingu(m) um uppgefið efni.

Dagsetning: 9.9.2014

Guðmundur Sæmundsson (sign)

Undirritun kennara

Ashjörg Benediktssd.

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils